

**A 1692/holdbart**

Flytjandi:  
Flokkahópur jafnaðarmanna

Afgreiðsla:  
Norræna sjálfbærnefndin

Málsnúmer: 16-00278-2

## Þingmannatillaga um bann við örplasti í snyrtivörum

### Tillaga

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að þær leggi bann við örplasti í snyrtivörum og hreinlætisvörum.

### Forsaga

Plastmengun hefur slæm áhrif á heimshöfin og vistkerfi þeirra. Mengunarvaldar hafsins eru margir en einn sá helsti er örplast. Örmsmár plastagnir er að finna í mörgum vörum og enda því í hafinu.

Örplast er í fæðu sem fiskar, skeldýr og sjávarspendýr leggja sér til munns og ratar þannig til fólks gegnum fæðukeðjuna. Eitruð efnasambönd geta bundist örplasti og borist gegnum fæðukeðjuna<sup>1</sup>. Ekki er örplast hreinsað úr skólpi alls staðar á Norðuröndum. Örplast getur borist í skólpi sem notað er til áburðar í landbúnaði<sup>2</sup> og endað í matvælum. Það er grundvallarskoðun okkar að komast eigi fyrir upptök plastmengunar hafsins, þegar hjá framleiðendum svo framarlega sem unnt er.

Plastagnir geta borist í snyrtivörum og hreinlætisvörum. Í norskri skýrslu, *Sources of microplastic-pollution to the marine environment*, er greint frá því að árlega megi rekja upptök 40 tonna af örplasti til snyrtivöru í Noregi. Þar af berast fjögur tonn í hafið.<sup>3</sup> Danskar skýrslur segja svipaða sögu hvað varðar upptök losunar á örplasti. Aðra mengunarvalda má rekja til

<sup>1</sup> Politiken, 17.11.2015 <http://politiken.dk/viden/ECE2935381/bildaek-og-skosaaler-giver-store-maengder-mikroplast-i-miljoeet/>

<sup>2</sup> Ingeniøren, 2.6.2014 <https://ing.dk/artikel/mikroplast-gaar-lige-gennem-renningsanlaeg-168744>

<sup>3</sup> Miljødirektoratet, Noregi, 3.3.2015 <http://www.miljodirektoratet.no/no/Nyheter/Nyheter/2015/Mars-2015/Vi-fyller-havet-med-mikroplast/>

slits á hjólbörðum, málningar og viðhalds á skipum og vélbátum. Þaðan berst mesta mengunin af völdum örplasts en fremur erfitt er að draga úr losun örplasts frá þessum vörum að svo stöddu.

Norðurlandaráð

Örplast sem rekja má t.d. til slits á hjólbörðum er mun umfangsmeira en örplast sem sett er út í t.d. snyrtivörur.<sup>4</sup>

**A 1692/holdbart**

Eðlilegt er að atvinnulífið og stjórnámálemenn hafi löngum beint sjónum að örplasti í snyrtivörum og hreinlætisvörum vegna þess að örplastinu er bætt vísitandi út í framleiðsluna að óþörfu auk þess sem önnur efni geta komið í staðinn fyrir örplast í tilteknum vörum. Bann við örplasti í snyrtivörum og hreinlætisvörum er því tilvalinn byrjunarreitur þegar draga á úr plastmengun hafsinns. Danska verslanakeðjan Matas er gott dæmi þess að komast má hjá örplasti í snyrtivörum og hreinlætisvörum en þar hefur verið hætt allri notkun á örplasti í hreinlætisvörur Matas. Í staðinn fyrir örplast eru t.a.m. apríkósusteinar settir í skrúbbkrem sem keðjan framleiðir.

Flytjandi:  
Flokkahópur jafnaðarmanna

Afgreiðsla:  
Norræna sjálfbærnefndin

Málsnúmer: 16-00278-2

Margir pólitískir hagsmunaaðilar á ýmsum stigum láta málið sig varða. Umhverfisáætlun Sameinuðu þjóðanna, UNEP, beindi tilmælum á árinu 2015 til stjórnvalda þess efnis að þau beittu sér fyrir því að hætt verði að nota örplast í snyrtivörur og hreinlætisvörur að óþörfu.<sup>5</sup> Í janúar 2016 lögðu Bandaríkjamenn bann við örplasti í öllum hreinlætisvörum. Bannið gengur í gildi 1. júlí 2017.<sup>6</sup> Í apríl 2016 náðu norrænu umhverfisráðherrarnir samkomulagi um að taka á vandanum í löndunum, innan ESB og á vettvangi Sp.<sup>7, 8</sup> Í maí 2016 sendi Esben Lunde Larsen (V), umhverfisráðherra Danmerku, bréf til framkvæmdastjórnar ESB þar sem sambandið er hvatt til að banna örplast í hreinlætisvörum<sup>9</sup>. Í ljósi þessa teljum við að Norðurlönd geti hæglega verið í fararbroddi og innleitt bann.

Á vef útgáfudeildar Norrænu ráðherranefndarinnar má sjá að ráðherra-nefndin hefur gefið út 19 skýrslur frá árinu 2013 og fram til þessa sem fjalla að einhverju leyti um plastúrgang. Sú þekking sem safnast hefur virðist ekki hafa gefið tilefni til sameiginlegra viðbragða eða aðgerða landanna. Með tillögu þessari er reynt að gera breytingu þar á.

Norðurlönd geta þannig orðið öðrum Evrópulöndum til eftirbreytni eins og svo oft áður þegar kemur að umhverfismálum og sjálfbærni. Tillögunni er ekki eingöngu ætlað að draga úr magni örplasts í hafinu og mengun af völdum þess. Hitt er sú staðreynd að með banni eru ákveðin skilaboð send til alþjóðlegra fyrirtækja og löggjafa annarra landa þar sem mengunaráhrif örplastsins eru tíunduð og hvatt til þess að stjórnmalafólk bregðist við og

<sup>4</sup> Politiken, 17.11.2015 <http://politiken.dk/viden/ECE2935381/bildaek-og-skosaaler-giver-store-maengder-mikroplast-i-miljoetet/>

<sup>5</sup> Umhverfisáætlun Sp (UNEP), 16.6.2015 [http://www.un.org/apps/news/story.asp?NewsID=51169#.VtA\\_YU0UWmQ](http://www.un.org/apps/news/story.asp?NewsID=51169#.VtA_YU0UWmQ)

<sup>6</sup> Politiken, 6.1.2016 <http://politiken.dk/forbrugogliv/forbrug/forbrugersikkerhed/ECE3002552/usa-forbyder-mikroplast-i-plejeprodukter---europa-toever/>

<sup>7</sup> Miljø- og Fødevareministeriet (Umhverfis- og matvælaráðuneytið), 28.4.2016 <http://mfvm.dk/nyheder/nyhed/nyhed/mikroplast-i-havene-kraever-handling/>

<sup>8</sup> Norræna ráðherranefndin, 27.4.2016 <http://www.norden.org/en/nordic-council-of-ministers/council-of-ministers/the-nordic-council-of-ministers-for-the-environment-mr-m/declarations-and-statements/joint-nordic-statement-on-marine-plastic-litter-and-microplastics>

<sup>9</sup> Politiken, 5.5.2016 <http://politiken.dk/forbrugogliv/forbrug/forbrugersikkerhed/ECE3190395/miljoeminister-skriver-brev-til-eu-nu-skal-mikroplast-forbydes/>

setji lög og reglur í þágu mannkyns og umhverfisins. Þannig er tekið fyrsta skref til að draga úr mengun umhverfisins af völdum örplasts.

Stokkhólmi, 26. september 2016

*Erkki Tuomioja (sd)*  
*Gunvor Eldegard (A)*  
*Helgi Hjörvar (A)*  
*Irene Johansen (A)*  
*Johan Andersson (S)*  
*Karin Gaardsted (S)*  
*Karen J. Klint (S)*  
*Knut Storberget (A)*  
*Lars Mejern Larsson (S)*  
*Lennart Axelsson (S)*

*Maarit Feldt-Ranta (sd)*  
*Peter Johnsson (S)*  
*Phia Andersson (S)*  
*Pyry Niemi (S)*  
*Ruth Mari Grung (A)*  
*Sonja Mandt (A)*  
*Suzanne Svensson (S)*  
*Tony Wikström (ÅSD)*  
*Ville Skinnari (sd)*

Norðurlandaráð

**A 1692/holdbart**

Flytjandi:  
Flokkahópur jafnaðarmanna

Afgreiðsla:  
Norræna sjálfbærnefndin

Málsnúmer: 16-00278-2